

Nordplus verkefni starfsbrautar VMA

Starfsbraut VMA er þátttakandi í Nordplus verkefni sem nefnist „Continuum skole jobb – for elever med behov for særskilte tilrettelegging“. Megin áherslur í verkefninu eru samvinna skóla og atvinnulífs fyrir nemendur með sérþarfir, hvernig skólarnir undirbúa nemendur sína og hvernig þeim gengur að verða virkir þátttakendur í þjóðfélaginu. Þátttakendur fá fræðslu um samstarfsskólana og hvernig skólakerfi þeirra skóla og svæðis er fyrir nemendur með sérþarfir og hvernig þeir hafa unnið að þessum málum. Sömuleiðis skiptast skólarnir ávallt á hugmyndum og miðla af reynslu sinni.



Í þessu verkefni taka þátt sex framhaldsskólar í þremur löndum.

Ísland: Verkmenntaskólinn á Akureyri og Fjölbrautarskólinn í Ármúla

Noregur: Askøy videregående skole og Sotra Upper secondary school

Finnland: FI-Luovi Vocational College og FI-Huittinen business and Vocational College

Var fyrsta vinnuvikan í verkefninu haldin í Bergen í Noregi vikuna 27. - 31. október 2014.

Næsti fundur var í Finnlandi í Tampere 9. - 13. febrúar 2015 og er hér frásögn um þá ferð.

Mánudagur 9.2: Lentum í Helsinki 12.55, vorum sótt á völinn og Tiina keyrði okkur á Hotel Ville, íbúðarhótel þar sem við dvöldum.

Fengum kynningu á skólakerfi Finnlands almennt og svo skipulagningu náms fyrir nemendur með fatlanir og sérþarfir sem er svolítið mismunandi eftir sýslum (skólasvæðum). Nemendur eiga rétt á þremur árum í skóla og fá allt frítt þessi 3 ár, fæði, húsnæði og námsgögn. Sumir eru styttra ef skólagangan hentar þeim ekki og fá þeir einstaklingar vinnupláss eða hæfingu einhvers konar á vernduðum vinnustöðum. Nemendur hafa einnig persónulegan aðstoðarmann sé þörf á því. Það eru 6 – 8 nemendur í minni hópum og 10 – 12 í þeim stærri, 1 kennari, 1 ráðgjafi og x margir aðstoðarmenn eftir þörfum. Skólinn þarf að skila nákvæmri einstaklingsnámskrá um kennslu og þjónustu með rökstuðningi til að fá úthlutað fjármagni vegna þessara nemenda og þurfa að skila fjöldatölum tvisvar á ári.

Þriðjudagur 10.02.


Fyrsta sturta kl. 6.30, 15 mín á mann og svo morgunmatur kl. 8.00

10.00-12.45 Keyrðum í skólann Vocational college Luovi Tampere unit at a Tampereen yksikkö Yliopistonkatu 56, 6krs. 33100 Tampere and also TREDU Hepolamminkatu 10, 33720 Tampere with Marita Heinonen and Sanna-Mari Jalava (<http://www.tredu.fi/>) (preparatory training and domestic work with cleaning services –education and lunch) Fengum kynningu á starfinu og skoðuðum skólann.

Skólinn er á nokkrum stöðum t.d. er eitt útibú í Helsinki. Við skoðuðum útibú með 36 nemendum og þar starfa 5 kennarar, 5 aðstoðarmenn og persónulegir aðstoðarmenn eftir þörfum. Þar eru 1 – 3 – 6 nemendur í hóp eftir hversu mikla aðstoð þeir þurfa, alltaf bara 1 kennari og svo aðstoðarmenn. Nemendur eru í skólanum frá 8.00 – 14.00 og gera allt í skólanum eins og að elda og þrífa. Skólinn

er í samvinnu við um 20 fyrirtæki á svæðinu og vinna allir kennarar að því að finna ný fyrirtæki til að vinna með. 30% nemenda fara eftir það í venjuleg störf og 70% á verndaða vinnustaði. Þegar nemendur fá lifeyri er ekki eins mikil áhersla á að finna handa þeim vinnu þar sem þau hafa lifibrauð. Mikið er um að notuð séu myndbönd sem námsmat.

13.00- 15.30 Meeting SEN coordinators (Emma Salmi) of vocational colleges in Tampere. Þar fengum við túr um skólann og fyrirlestur um starfsemina og þær rannsóknir sem skólinn hefur staðið að. Fram komu áhyggjur af brottfalli í öllum þátttökulöndunum. Finnar gera IEP Individual Educational Plan fyrir alla, geyma það á netinu svo auðvelt sé fyrir hlutaðeigandi að uppfæra það og að auðvelda aðgang fyrir kennara, foreldra og nemendurnar sjálfa. Þeir telja að sveigjanleikinn sé afar mikilvægur sem og að koma til móts við hvern og einn. Þeir fylgjast sömuleiðis með nemendum eftir útskrift úr skólanum og senda kannanir á atvinnurekendur varðandi t.d. að ráða nemendur með sérþarfir í vinnu o.m.fl. Myndin þýðir – forðaðu þér út áður en þú setur brunann á "facebook"



16.00-17.00 Visit the Multifunctional centre 13 (services for youths). Stórt hús á mörgum hæðum þar sem starfsemin var mismunandi eftir hæðum. Á fyrstu hæð var tölvuver, stofa með alls kyns efni fyrir nemendur með mikla hegðunarörðugleika, svo var býsna fullkomið hljóðver, glervinnsla, mjög fjölbreytt föndurstofa, salir fyrir ýmislegt, billjard, upptökugræjur ofl. Einnig geta bæjarbúar leigt salina undir fundi, afmæli ofl. <http://www.nuortentampere.fi/13/info/13-in-english/>

Miðvikudagur 11.02.

Visit at Sastamala municipal Education and Training Consortium. Fyrst heimsóttum við Sastamalas sporthall Vexve Areena Ratakatu 5, Sastamala, borðuðum hádegismat þar og fengum kynningu um skólann http://fi.wikipedia.org/wiki/Vexve_Areena#/media/File:Vexve_Areena.JPG og annað húsnaði með t.d. hárgreiðslubraut, Ratakatu 36, Sastamala <http://saskyfi.virtualserver23.nebula.fi/vak>

Við byrjuðum hins vegar á að heimsækja í Sastamala fyrirtæki þar sem nemendur voru í starfsnámi, ein stúlka var að vinna í fataverslun, önnur í matvörubúð, sú þriðja á kaffihúsi og sú fjórða í skóbúð.

Einnig skoðuðum við sjálfstætt rekna hæfingarstöð fyrir fólk með nokkuð miklar fatlanir. Þar voru 25 einstaklingar, þar voru unnin verkefni fyrir fyrirtæki eins og tölvufyrirtæki ofl. Ýmis afþreying var í boði ásamt þjálfun. Staðurinn var stór og að sögn rekstraraðilans voru pláss fyrir fleiri.



Hádegismatur var í skóla þar sem nemendur unnu í eldhúsi og sem þjónar og fengu þannig þjálfun að vinna á alvöru veitingahúsi. Skoðuðum við skólann og fengum fræðslu um starfsemina, þar var einnig stór, velútbúin hársnyrtibraut.



Fimmtudagur 12.02

09.-13.00 Vocational College Luovi (automotive, hotel & catering and construction education and lunch) at Turjankatu 4 (automotive construction) and Vehnämyllynkatu 4, Tampere.




Skoðuðum fyrst undirbúnings—allt-muligt verkstæði þar sem nemendur byrja og eru í ýmis konar verkþjálfun í 1 – 3 ár eftir hvernig gengur áður en þeir fara áfram á aðra staði. Þeir gera við hjól, sláttuvélar, sanda með vélum o.s.frv.

Bifvélaverkstæði með 12 plássum, 1 kennara og 4 þjálfurum og þeir fá 3ja ára nám, learning by doing. Nemendur læra það bóklega gegnum það verklega og eftir námstímann útskrifast þeir með skírteini þar sem á stendur hve langt þeir komust í náminu og í hverju þeir eru góðir.



Staður með ýmis konar verkstæði, trésmíða, málningar, eldhús, bakarí, veitingasala. Nemendur fá fyrst 6 vikna reynslutíma til að sjá hvort þetta nám hentar þeim. Margir eru komnir með ólæknandi skólaleiða. Þeir fá aðstoð við allt, einnig persónuleg mál og geta skipt um svæði innan þessa 6 vikna reynslutíma.

13.00-15.00 Presentations of Youth Guarantee, Labour Force Service Centre and Social Services for youths in adress Hammareninkatu 8 B, 33100 TAMPERE, also Youth Outdoor-services. Frábær kynning frá 2 ungum karlmönnum sem vinna á götunni, finna skóla- og atvinnulausa krakka, kynnast þeim og reyna að hjálpa. Það eru 11 manns að vinna við þetta og vinna alltaf í þörum. Þeir segja: viðskiptavinutinn ræður alltaf ferðinni, hvað sé best fyrir hann, þau troða engu upp á krakkana en eru til staðar fyrir þá. Þeim finnst eins og einmannaleiki hafi aukist, það séu fleiri fastir heima hjá sér t.d. í tölvuleikjum og kunna ekki að dila við hvers dags lífið.



17.00-22.00 Social evening together with food and sauna in Varalan Urheiluopisto Varalankatu 36, Tampere.

Föstudagur 13.02: Heimferðin

Vikuna 14. - 16. september 2015 koma þátttakendur frá Finnlandi og Noregi til Íslands að skoða skólakerfið okkar, starfsemina í VMA og FB ásamt völdum vinnustöðum.

Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, Rögnvaldur Ragnar Símonarson.